

# Aðalfundur Félagsþjónustu A-Hún,

haldinn fimmtudaginn, 15. desember 2005, kl. 13:00 í Skagabúð.

*Mættir: Adolf H. Berndsen, Ágúst Þór Bragason, Björn Magnússon, Dagný Annasdóttir, Jóhann Guðmundsson, Jensína Lýðsdóttir, Jón. B. Bjarnason, Jóna Fanney Friðriksdóttir, Magnús B. Jónsson, Rafn Sigurbjörnsson, Stefán Jónsson, Tryggvi Jónsson, Valgarður Hilmarsson og Valdimar Guðmannsson.*

*Magnús B. Jónsson, formaður Félagsþjónustu A-Hún setti fundinn og stjórnaði honum. Tilnefndi hann Jónu Fanneyju Friðriksdóttur sem fundarritara og samþykkti fundurinn það.*

## Dagskrá:

1. Skýrsla félagsmálastjóra.
2. Tillaga að breytingu á fjárhagsáætlun um málefni fatlaðra 2005 – frávik 2005.
3. Frávik Félagsþjónustu 2005.
4. Fjárhagsáætlun 2006.
5. Staða félagsmálastjóra.
6. Framtíðarsýn Félagsþjónustu A-Hún.
7. Breyting framkvæmdastjórnar.
8. Önnur mál.

## Dagskrá:

1. Skýrsla félagsmálastjóra.

*Félagsmálastjóri, Dagný Annasdóttir kynnti starfið og þróun síðustu ára í félagsþjónustu og málefnum fatlaðra. Umræður urðu um framtíð*

málaflokksins og möguleika á að Félagsþjónusta A-Hún sinnti fleiri einstaklingum á landsvísu. Eftirfarandi var samþykkt samhljóða:

Aðalfundur Félagsþjónustu A-Hún felur stjórn og starfsmönnum að kanna möguleika á aukinni starfsemi og uppbyggingu búsetumála í málefnum fatlaðra.

## **2. Tillaga að breytingu á fjárhagsáætlun um málefni fatlaðra 2005 – frávik 2005.**

Félagsmálastjóri greindi frá helstu frávikum. Samþykkt áætlun gerði ráð fyrir 43.013.000 en við endurskoðun lækkar hún um tæpar 650.000,- kr. og er niðurstaðan kr. 42.370.076,-. Fundarstjóri bar upp frávikin og voru þau samþykkt.

## **3. Frávik Félagsþjónustu 2005.**

Félagsmálastjóri greindi frá helstu frávikum. Samþykkt áætlun gerði ráð fyrir 13.867.000,- en við endurskoðun lækkar hún um rúmar 2,2 mkr,- og er niðurstaðan kr. 11.178.288,-. Fundarstjóri bar upp frávikin og voru þau samþykkt.

## **4. Fjárhagsáætlun 2006.**

Félagsmálastjóri kynnti helstu kennitölur. Í áætluninni er gert ráð fyrir endurgreiðslu ríkissjóðs að upphæð 45.560.700,- sem eru rekstrargjöld málefna fatlaðra og að framlag sveitarfélaga verði 16.535.000,- sem eru rekstrargjöld félagsþjónustu. Fjárhagsáætlunin var borin upp og samþykkt samhljóða.

## **5. Staða félagsmálastjóra.**

Formaður greindi frá því að Dagný Annasdóttir hefði sagt upp starfi félagsmálastjóra og mun hún ljúka störfum hjá Félagsþjónustunni í febrúarlok 2006.

## **6. Framtíðarsýn Félagsþjónustu A-Hún.**

*Magnús B. Jónsson kynnti hugmyndir að mögulegum breytingum á rekstri Félagsþjónustu og Héraðsnefndar. Fór hann yfir helstu valkosti sem í stöðunni eru. Umræður urðu um málið. Fundurinn samþykkti samhljóða eftirfarandi:*

*Samþykkt að hvert sveitarfélag tilnefni einn fulltrúa í starfshóp til að meta möguleika á að breyta rekstrarformi félagsþjónustunnar og hugsanlega sameina reksturinn héraðsnefnd. Samþykkt að sveitarfélögin skili tilnefningum í starfshópinn fyrir 10. janúar nk.*

## **7. Breyting framkvæmdastjórnar.**

*Pórdís Hjálmarsdóttir, áður varamaður í framkvæmdastjórn hefur tekið sæti Hjördísar Blöndal sem aðmanns. Fundurinn tilnefnir Jóhönnu G. Jónasdóttur í sæti varamanns.*

## **8. Önnur mál voru engin.**

Fleira gerðist ekki. Fundargerð upplesin og samþykkt. Fundi slitið kl. 14:45.

*Magnús B. Jónsson (sign.)  
(sign.)*

*Jóna Fanney Friðriksdóttir*